



Atvinnuveganefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 10. mars 2022  
nr. erindis 2202012

**Efni: Viðbótarumsögn Stykkishólmsbæjar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni) (152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 490 — 350. mál).**

Stykkishólmsbær fagnar því að frumvarp sem fjallar um breytingar á lögum um veiðistjórn sandkola og hryggleysingja sé komið fram, enda um mikilvægt málefni fyrir Stykkishólmsbæ með tilliti til byggða- og atvinnusjónarmiða í sveitarfélaginu.

Veiðar á ígulkerum eiga sér nokkra sögu í Breiðafirði og voru um tíma veitt um 400 tonn í Breiðafirði en veiðar eru nú um helmingi minni eða um 200 tonn, sem skiptist á milli tveggja útgerða.

Stykkishólmsbær bendir á að í Stykkishólmi er starfandi fyrirtæki sem stundar veiðar og vinnslu með ígulker og hjá fyrirtækinu starfa um 20 manns. Stór hluti af starfsemi fyrirtækisins er sala á ferskum ígulkerum og í því sambandi er gríðarlega mikilvægt að hægt sé að tryggja afhendingu með fyrirsjáanleika inn á markaði alla vertíðina. **Með núverandi stýringu er umhverfið afar óskilvirkt og getur leitt til þess fyrirtæki missi viðskipti eða aðgang að mörkuðum sökum núverandi stýringar. Einnig ber að hafa í huga að núverandi veiðistofn er ekki stór og því þarf að fara sérstaklega varlega til að geta hámarkað verðmæti þeirrar auðlindar sem nýtt er. Er veiðistjórn með aflahlutdeild í þessum efnun betur til þess fallinn að tryggja stöðuleika, fyrirsjáanleika og að auðlindin sé nýtt með sjálfbærum og ábyrgum hætti með hámarks verðmætasköpum fyrir nærsamfélagið og íslenskt þjóðarþú.**

Settar hafa verið reglur veiðafæra við veiðar á ígulkerum, m.a. um þyngd og breidd ígulkeraplóga, en engar slíkar reglur eru til staðar varðandi Sæbjúgnaplóga. **Nauðsynlegt er að tryggja að vel sé gengið um auðlindir hafsins og stuðlað að því að tryggja saman fari vernd og nýting auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun byggða landsins.** Því til viðbótar er vakin athygli á því að áberandi í mataræði ígulkera er m.a. þari, en í Breiðafirði eru afar hagstæð vaxtarskilyrði fyrir þara og er af þeim sökum meira af þara í Breiðafirði en annars staðar. Bent hefur verið á að skynsamleg nýting á ígulkerum gæti komið á jafnvægi og stöðuleika á milli ígulkera og þara<sup>1</sup>, þ.e. tryggja sjálfbærni við nýtingu auðlinda.

Mörg dæmi eru um að veiðar á staðbundnum tegundum hafa eflt atvinnuástand byggða í gegnum tíðina þar sem samspil sjálfbær nýting staðbundinna nytjastofna fari saman við jákvæða byggðarþróun. Má meðal annars nefna í því sambandi þau jákvæðu byggðaráhrif sem veiðar á Hörpudiski hafði fyrir

<sup>1</sup> Sjá Nýtingarmöguleikar ígulkerja - BioPol  
ehf<https://biopol.is/files/webform/N%C3%BDtingarm%C3%B6guleikar%20%C3%ADgulkerja%20%C3%AD%20Skagafir%C3%B0i%20og%20H%C3%BAnafl%C3%B3a.pdf>



Stykkishólm og nærliggjandi svæði á síðustu öld. Með öðrum dæmum mætti nefna innfjarðarrækju þar sem vinnslur risu almennt á þeim svæðum þar sem þessar veiðar voru stundaðar.

**Stykkishólmsbær leggur því bunga áherslu á að styrkja burfi frumvarpið með tilliti til þess að kveða með skýrari hætti á um veiðistjórn ígulker. Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um aflahlutdeild á hvert veiðisvæði (ætti skv. því að eiga við um ígulker). Stykkishólmsbær telur að styrkja mætti frumvarpið hvað varðar veiðistjórn ígulker og tryggja bannig byggðafestu og atvinnuframboð á svæðinu og með því að bæta við 2. gr. eftirfarandi: „Við upphaf fiskveiðiársins 2022/2023 skal seja skipum sjálfstæða aflahlutdeild á öllum 3 svæðum ígulkeraveiða við Breiðálfjörð ( svæðum A, B og C ) sem Hafrannsóknarstofnun veitir nú ráð um hámarksafla.“**

*Undirritaður er reiðubúinn að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að fylgja eftir umsögn Stykkishólmsbæjar og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.*

  
Jakob Björgvin Jakósson,  
bæjarsjón Stykkishólmsbæjar